

## Utkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

- Tilskipun um neyðarþendingar, er viðhafa skal á íslenskum skipum*, undirskrifuð af konungi 28. septbr. 1899 (A. nr. 22, bls. 94—97).
- Auglýsing um verzlunar- og siglingasamband milli konungsríkisins Danmerkur og keisaradæmisins Japans*, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 10. oktbr. 1899 (A. nr. 23, bls. 98—113).
- Lög um skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl.*, undirskrifuð af konungi 13. október 1899 (A. nr. 24 bls. 114—125).
- Fjárlög fyrir árin 1900 og 1901*, undirskrifuð af konungi 11. nóvbr. 1899 (A. nr. 25, bls. 126—175).
- Lög um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi o. fl.*, undirskrifuð af konungi 11. nóvbr. 1899 (A. nr. 26, bls. 176—185).
- Lög um útflutningsgjald af hvalafurðum*, undirskrifuð af konungi 11. nóvbr. 1899 (A. nr. 27, bls. 186—187):
- Lög um verðlaun fyrir útflutt smjör*, undirskrifuð af konungi 11. nóvbr. 1899 (A. nr. 28, bls. 188—191).
- Lög um viðauka við lög 7. nóvbr. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876 og tilsk. 26. febr. 1872*, undirskrifuð af konungi 11. nóvbr. 1899, (A. nr. 29, bls. 192—193).
- Lög um breyting á 1. gr. í lögum 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði*, undirskrifuð af konungi 11. nóvbr. 1899 (A. nr. 30, bls. 194—195).

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um notkun nýs barnalærdómskvers.** — Þjer hafid, herra landshöfðingi, með brjefi, dagsettu 30. maí þ. á., sent hingað erindi, þar sem forlagsbóksali Sigfús Eymundsson í Reykjavík sækir um að hjer með endursent kristilegt barnalærdómskver, er samið hefir presturinn Thorvald Klaveness í Kristjaníu, en þýtt á íslenzku lektor Þórhallur Bjarnarson, verði löggilt til notkunar á Íslandi við undirbúning unglinga undir ferming. Hefir biskupinn mælt með því, og þjer lagt það til, að hið umbeðna verði veitt. Útaf þessu er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að af hálfu ráðaneytisins or ekkert því til fyrirstöðu, að hið umgetna lærdómskver sje notað á Íslandi til undirbúnings ungmenna undir ferming. 127 6. júlí

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skýring orðsins »búsettir« í 3. gr. laga nr. 1 frá 8. janúar 1886.** Eins og tekið er fram í brjefi ráðaneytisins, dagsettu 19. júní þ. á., viðvíkjandi óvissu þeirri, sem átt hefir sjer stað um skilning á þeim ákvæðum 3. gr. laga 8. janúar 1886, um bluttöku safnaða í veitingu brauða, að kosningarrjettur sje bundinn því skilyrði að hlutaðeigandi 128 14. nóv.

29. dag desembermánaðar 1899.

Reykjavík. Isafoldarprentsmiðja.

**Uppprentað blað.**

**128** sje búsettur í prestakallinu, verður að álíta rjett, að ráðaneytið fyrir Island gefi  
 14. nóv. almenn leiðbeinandi fyrirsmáli um það, hver skilningur skuli ráða í þessu efni. Ráðaneytið hefir ekki getað fallizt á skoðun þá, sem þjer, herra landshöfðingi, þegar áður hafid látið í ljós, og þjer nú haldið fast við í brjefi yðar, dagsettu 17. ágúst þ. á., og leiðið nánari rök að, nefnilega að einungis þeir menn geti kallazt búsettir, sem hafi fast aðsetur í prestakallinu og stundi sjálfstæða atvinnu, er svo er háttáð, að henni sje venjulega samfara að hlutadeigandi hafi dúk og disk. Svo sem ráða má með vissu af tilorðningarsögu laganna og hinum danska texta þeirra, að með skilyrðinu um búsetu sje einungis átt við að hlutadeigandi hafi fast aðsetur í prestakallinu, þannig getur eigi heldur orðið »búsettir« í íslenzka textanum álitizt ósamrímilegt umgetnum skilningi, sem er eðlilegur í sjálfum sjer, á hjer umræddu ákvæði, hvort sem litid er til hins málfraeðislega uppruna orðs þessa, til þess, hvornig það á sínum tíma hefir komizt inn í lagamálið, eða til þess, hvornig það hingatil hefir verið brúkað í lagamálinu. Ráðaneytið verður því að vera þeirrar skoðunar, að skilyrðinu um búsetu sje fullnægt, ef hlutadeigandi að eins hefir fast aðsetur í prestakallinu, án tillits til þess, hver stada hans er; þó skal því viðbætt, að því er lausamenn snertir, að það leiðir af ákvæðum 3. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 3 frá 2. febr. 1894, að lausamaður, sem telur sig hafa fast ársheimili annarstaðar en í því prestakalli, er stofnað er til prestkosningar í því, þegar af þeirri ástæðu eigi fullnægir skilyrðinu fyrir hluttöku í kosningunni.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna.

**129**  
 25. nóv.

**Brjef landshöfðingjans yfir Íslandi til póstmeistarans í Reykjavík um flutning póstaafgreiðslunnar frá Arnarholti að Norðtungu.** (Ágrip). Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi, dagsettu 23. þ. m., vil eg fallast á það, að póstaafgreiðslan í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu verði 1. apríl næstkomandi flutt frá Arnarholti að Norðtungu.

**130**  
 7. des.

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um toll af óhreinsuðum vínanda (»Kogesprit«).** Í brjefi, dagsettu 22. septbr. þ. á., hefir herra sýslumaðurinn látið uppi álit um fyrirspurn frá kaupmanni Eyjólfí Jóhannssyni í Flatey, þar sem hann spyrzt fyrir um, hvort sjer beri að greiða toll af óhreinsuðum spiritus (Kogesprit), og hefir herra sýslumaðurinn talið rjett, að greiða beri toll af »Kogesprit«, með því að það verði að telja það tollskyldan vínanda, samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 29, 7. nóvbr. 1879.

Útaf þessu skal herra sýslumanninum til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgjörða, að eg er samdóma um, að rjett sje að heimta toll af »Kogesprit«, með því að það er ekkert annað en óhreinsaður vínandi, sem drekka má blandaðan með vatni, þótt ef til vill sje illdrekki, enda má kalla allan venjulegan vínanda, sem hingatil flyzt, »Kogesprit«.